

AUGLÝSING

um að reglugerð nr. 53 12. apríl 1949, fyrir Reykjavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o. fl., falli úr gildi.

1. gr.

Reglugerð nr. 53 12. apríl 1949 fyrir Reykjavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o. fl., ásamt reglugerð nr. 128 22. september 1961 um breytingu á henni, er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 34/1964 um loftferðir, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 27. apríl 1987.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta.

1. gr.

Á eftirgreindum tímabilum eru allar fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, bannaðar á bátum smærri en 10 brl. sem ekki hafa sérstök botnveiðileyfi skv. 4. gr. laga nr. 97 20. desember 1985:

1. Frá og með 13. júní til og með 19. júní 1987
2. Frá og með 1. ágúst til og með 10. ágúst 1987

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. maí 1987.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.